



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

MARK3MV05

Markaðsfræði

Kennari/kennarar:	Pórunn Reykdal torunnr@fsu.is t.reykdal@simnet.is
-------------------	---

Áfangalýsing:

Hugsunarháttur og viðhorf markaðsfræðinnar kynnt og þau hugtök sem byggt er á. Farið verður yfir eftirfarandi efni í tengslum við framleiðslu og sölu garðyrkjuafurða: markaðssókn og sögulega þróun hennar, framleiðslu, neyslu, dreifi- og sölukerfi, viðhorf kaupenda, verðkannanir, starfsskilyrði atvinnugreinarinnar og viðskiptasamninga (EES, GATT).

Undanfari: REÁG2FV05 (Rekstur og áætlanagerð)

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Grunnhugtökum markaðsfræðinnar, hugsunarhætti og sjónarmiðum.
- Markaðssókn og sögulegri þróun hennar.
- Framleiðsluferli afurða og neyslumynstri.
- Dreifi- og sölukerfum.
- Viðhorfum neytenda og hvernig hægt er að kanna þau.
- Starfsskilyrðum atvinnugreinarinnar og markaðs- og sölumálum garðyrkjuafurða.
- Helstu viðskiptasamningum í gildi milli landa
- Vinnslu markaðsfræðitengdra verkefna.

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Beita helstu grunnhugtökum markaðsfræðinnar til að setja sig inn í hugsunarhátt og sjónarmið fagsins.
- Skoða markaðssókn og þróun hennar í samhengi við starfsskilyrði atvinnugreinarinnar.
- Greina framleiðsluferli afurða og hvernig neyslumynstur neytenda er metið.
- Leita sér upplýsinga í viðskiptasamningum.
- Vinna markaðsfræðitengd verkefni.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Rökræða hugsunarhátt og viðhorf markaðsfræðinnar ...sem er metið með... rökstuðningi og framsetningu.
- Geta leyst af hendi skipulagningu framleiðslu með hliðsjón af markaðsmöguleikum ...sem er metið með... verklagi, framsetningu og skriflegu prófi.
- Tengja útbreiðslu á dreifikerfum við neyslumynstur á mismunandi stöðum ...sem er metið með... rökstuðningi og framsetningu.
- Sýna skilning á viðhorfum neytenda og hvernig hægt er að nýta sér þá þekkingu við uppbyggingu reksturs ...sem er metið með... rökstuðningi og kynningum.
- Tengja áhrif viðskiptasamninga (EES og GATT) við innlendan markað ...sem er metið með... útsjónarsemi, framsetningu og skriflegu prófi.

Námsefni:

Páll Kr. PHandbók athafnamannsins – Gerð rekstrar- og viðskiptaáætlana ásamt viðaukahefti og ýmis gögn sem kennari leggur inn undir Efni á Innua

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1- 4	5-26 - janúar Lotuvika 5. jan	Kynning á skipulagi annarinnar 4 kafla í HAM viðbótarefni um markaðshlutun	
5 - 8	2 feb. – 2 mars Lotuvika 2. feb. verkefnavinna	Uppsetning, frágangur og kynningar , Kafla 10	Verkefni 1: efnisgrind skil 9/2
9 - 12	9 mars – 7 apríl Lotuvika 9. Mars verkefnavinna	Upprifjun á viðfangsefnum haustannar og mögulegar breytingar á rekstrarhlutaum GATT og EES og möguleg áhrif á garðyrkju	Verkefni 2: kynning skil 23/3 Kynningar 23/3 Verkefni 3: Lokaverkefni, Rekstrar- og viðskiptaáætlun skil 29/3
13 - 16	7.- 30. apríl		Prófavika Rafrænt heimapróf

Sérreglur áfangans:

Áfanginn er fyrst og fremst verkefnavinna sem byggir á hópvinnu.

Nemendur vinna að jafnaði að markaðsáætlun eigin viðskiptahugmyndar sem unnið var með í Rekstrarfræði á haustönn.

Verkefni eru þrjú: Skil á efnisgrind /efnisyfirlit með forsiðu og fullum nöfnum hópmeðlima, kynning á markaðsáætluninni og skil á lokaverkefni rekstrar- og viðskiptaáæltunar

Lokapróf er rafrænt heimagagnapróf sem vegur 50% á móti verkefnum. Til að öðlast próftökurétt þarf að ná 4,5 fyrir verkefnin.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Verkefni 1	Skil á efnisgrind/efnisyfirliti lokaverkefnis	5%
Verkefni 2	Kynning á lokaverkefni	5%
Verkefni 3	Lokaverkefni – Rekstrar- og viðskiptaáætlun	40%
Rafrænt lokapróf	Heimapróf, öll gögn leyfirleg	50%
Samtals		100%

Námsmats- og prófsýningardagur

Nemendur fá endurgjöf kennara á kynningu og lokaverkefni með athugasemdum á formi Excel-skjals, Opnað verður á rafræna prófið og endurgjöf þess að próftíma loknum.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

18. janúar 2026

